

# Aðalfundur hverfisnefndar Oddeyrar haldinn í Oddeyrarskóla

**21. mars 2007 kl. 20:00**

## Dagskrá

1. Ávarp bæjarstjóra
2. Kosning stjórnar
3. Skipulags- og byggingarfulltrúi kynnir skipulagsmál tengd Oddeyri
4. Önnur mál

Fundarstjóri: Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri

Sigrún Björk Jakobsdóttir bæjarstjóri bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

Gengið var til auglýstrar dagskrár.

### 1. Ávarp bæjarstjóra.

Í ávarpi bæjarstjóra kom meðal annars fram að hverfisnefnd Oddeyrar var fyrsta hverfisnefndin sem stofnuð var hér á Akureyri en stofnfundur hennar var haldinn 12. nóvember 2002. Síðan þá hafa verið stofnaðar 6 hverfisnefndir og eitt hverfisráð í Hrísey. Samtals eru því starfandi 8 hverfisnefndir og ráð hér í bæ.

Bæjarstjóri talaði um að starfsemi sveitarfélags snérist í eðli sínu að mjög miklu leyti um að veita íbúum sem besta þjónustu á sem flestum sviðum og að þessi þjónusta snerti oft og tíðum það sem fólki væri kærast, annars vegar nánasta umhverfi þess og eignir en hins vegar framtíðina sjálfa og börnin. Þess vegna væri afar mikilvægt að þjónusta sveitarfélagsins væri eins góð og kostur væri. Hún telur að með íbúalýðræði sé hægt að virkja og ná fram væntingum bæjarbúa hverju sinni og telur það vera lykilatriði og sterkasta tækið í að stýra fjármunum bæjarfélagsins í þann farveg að þeir uppfylli væntingar íbúanna.

### 2. Kosning stjórnar

Í stjórn hverfisnefndar Oddeyrar voru eftirtaldir einstaklingar kosnir:

Auður Jónasdóttir, Erlendur Steinar, Gunnar Tryggvason, Steinþór Berg Lúthersson, Ingibjörg Bergl. Guðmundsdóttir, Hildur Friðriksdóttir, Hjalti Jóhannesson og Jón Einar Jóhannsson.

### **3. Skipulags- og byggingarfulltrúi kynnir skipulagsmál tengd Oddeyri**

Pétur Bolli Jóhannesson skipulags- og byggingarfulltrúi fór yfir ýmis mál tengd skipulagsmálum.

### **4. Önnur mál.**

Nokkur umræða fór fram um skipulagsmál og umhverfisfrágang í hverfinu, talað var meðal annars um að Norðurgatan væri mjög illa farin og nánast ónýtt.

Rætt var um leiðakerfi SVA og að mikið vanti á að auðvelt sé fyrir íbúa á Eyrinni að nýta sér þjónustu SVA þar sem lítil sem engin tenging sé við önnur hverfi bæjarins.

Ýmislegt annað var rætt og var mál manna að fundurinn hefði verið bæði málefnalegur og góður.

Fundi slitið 21:30

Alls sátu 21 íbúi fundinn.

Fundarritari Dagný Magnea Harðardóttir